

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



Dags eftirlits	16.9.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Hermannsson	Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit í stöðinni. Tvær athugasemdir voru gerðar varðandi aðgengi starfsleyfis á staðnum og að ísogsefni var ekki til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni. Skráningarblöð voru ekki aðgengileg á Raufarhöfn þar sem allar skráningar eru sendar til Reykjavíkur. Gögn um skráningar í stöðinni voru sendar með tölvupósti til eftirlitsaðila þann 17. september sl. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni eru færðar á mánaðarblöð olúbirgðastöðvarinnar og reyndust í lagi.

Kvittanir voru á staðnum um losun olúskilju og var síðasta kvittunin frá árinu 2013. Búið er að hafa samband við verktaka um losun þessa árs og er hann væntanlegur á næstu vikum.

Tvær olúskiljur eru í stöðinni og þjónustar önnur mengunarvarnarpró um birgðageyma en hin áfyllingarplani. Tekið var sýni úr báðum skiljunum og voru sýnin greind á skrifstofu félagsins á Akureyri með olúprófi (Macherey Nagel) og stóðust þær báðar prófunina. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður.

Þrír geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Minnt er á að þrýstiprófa þarf lagnir á næsta ári en þær voru síðast prófaðar 2010.

Ekkert bensín er ekki geymt í stöðinni og tveir stærri geymarnir standa hálf tómir. Geymir merktur nr. 3 stendur tómur.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, geymar og lagnir sjónskoðaðar. Lekavarnarpró er í kringum geymana, jarðvegsbakki allan hringinn og leirundirlag. Þróin er þétt og þarf að tappa reglulega af henni rigningarvatni þar sem tjarnir myndast eftir miklar rigningar. Áfyllingarplan er steipt með malarlagi við sitthvorn endann. Girðingar og hlið voru í lagi.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Tvær athugasemdir voru gerðar við olúbirgðastöðina, annars vegar að starfsleyfi er ekki aðgengilegt á staðnum en skv. gr. 1.8 í starfsleyfi skal eintak af starfsleyfinu ávalt vera tiltækt á vinnustað. Rekstraraðili hefur komið fyrir afriti af starfsleyfi í stöðinni. Hins vegar var bent á að skv. gr.2.6 í starfsleyfi skal ávalt vera til reiðu búnaður og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni, ísogsefni eða uppþurrkunarefni. Ísogsefni er til staðar í skúr við bryggjuna, um 50m frá stöðinni en rekstraraðili hefur pantað efni til að geyma í stöðinni sjálfri og auðvelt verður að grípa til.

ANNAÐ

Olíu er ekki landað á Raufarhöfn og kemur hún landleiðina í stöðina.

Bent var á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis í tíma en leyfið rennur út þann 31. janúar 2018

Reykjavík, 17.09.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

